

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, svæði norðan Tjarnarhóls, Hamratún 2-12.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 22. janúar 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að á lóð G er heimilt að reisa hús með 4 íbúðum. Á lóð H er heimilt að reisa hús með 6 smáíbúðum. Breidd byggingarreita á lóðum G og H breiðkar um 2 m til vesturs. Hámarkshæð bygginga á framangreindum lóðum hækkar um 0,8 m og verður 8 m. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir 4 bílgeymslur á lóð merkt G1.

*Deiliskipulag Kjarnaskógar – gróðrarstöðvar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 27. nóvember 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Deiliskipulagið tekur til þess svæðis sem í aðalskipulagi Akureyrar er skilgreint sem svæði gróðrarstöðvarinnar í Kjarnaskógi og er um 10,5 ha. Skipulagsmörkin liggja í norðri að óbyggðu svæði, í austri meðfram Kjarnabraut, í suðri að Kjarnaskógi og í vestri að tjaldsvæðinu að Hömrum. Fyrirhugað er að byggja ný gróðurhús sem leysa eiga af hólmi eldri gróðurskýli. Auk þess á að endurskipuleggja svæðið að hluta, gera nýja aðkomu að svæðinu, færa plöntusölu og fleira.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis 2. áfanga, Sómatún 9-45.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 27. nóvember 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin nær til lóðanna 9-21, 23-31, 33-35 og 37-45 við Sómatún. Breytingin felst m.a. í breytingum og tilfærslum á byggingarlinum og -reitum, fækkun íbúða og lækkun á hámarksnýtingarhlutfalli.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 12. febrúar 2008,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.